

Ed.

305. Frumvarp til laga

[138. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1948, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 36. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (37. gr.) Heimilt er hrossaræktarfélagum að mynda með sér samband til þess sameiginlega að vinna að hrossakynbótum á sambandssvæðinu, ef eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:
 1. Að sambandið nái yfir minnst 10 hreppa og þátttakendur eigi minnst 1000 hryssur.
 2. Að sambandið hafi sett sér lög um starfsemi sína og fengið þau samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands.
- b. (38. gr.) Hrossaræktarsambönd, sem mynduð verða samkvæmt lögum þessum, geta árlega notið aukastyrks á hvern stóðhest, sem þau eiga og nota eða hafa á leigu, að upphæð kr. 250.00 á hvern. Styrkur þessi skal lagður í sérstakan sjóð, er stjórn sambandsins ávaxtar og notar aðeins til kaupa á kynbótahestum í stað hinna eldri, sem felldir eru eða seldir, og skal andvirði þeirra einnig renna óskipt í sjóðinn.

Stjórn sambandsins ákvarðar í hvert sinn, hvort ástæða sé til að skipta um hest eða fjölga hestum, enda liggja hvort tveggja fyrir, að grundvölluð ástæða hafi verið til að fella hestinn (hestana) og sá hestur (hestar), sem kaupa skal, sé taminn og helzt reyndur kynbótahestur að dómi ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt og samþykki hans fyrir skiptunum liggja fyrir.

Aldrei skal veita styrk á fleiri stóðhesta en svo, að minnst 100 hryssur, fjögurra vetra og eldri, verði um hvern.

Ársreikningar sambanda þeirra, sem hér um ræðir, skulu sendir Búnaðarfélagi Íslands til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í búfjárræktarlögunum frá 1948 er ekki gert ráð fyrir, að stofnuð séu sambönd hrossaræktarféлага á stóru svæði, sem hafi það að starfi að kynbæta hrossastofninn.

Eitt slíkt samband var þó stofnað árið 1949 á sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands. Vinnur sambandið að skipulögðum kynbótum hrossa innan félagssvæðis síns.

Þegar sambandið var stofnað, lögðu hrossaræktarfélag þau, er þátttakendur gerðust, fram fé til kaupa á stóðhestum. Nægði framlagt fé til kaupa á níu hestum, en þar að auki tók sambandið tvo hesta á leigu. Eru þetta allt, nema einn sem er 4 vetra, tamdir og reyndir kynbótahestar, 5 gæðingar og 5 dráttarhestar.

Verð á völdum stóðhestum er nú mjög hátt, allt að 6—10 þús. kr. Verður því erfitt fyrir slík félagasambönd sem hér um ræðir að endurnýja stóðhestastofninn án þess að njóta styrks. En veittur styrkur í þessu skyni stuðlar að fjölgun góðra hesta — reiðhesta og dráttarhesta — og er eftirspurn eftir báðum flokkum.

Í frumvarpi þessu er styrkuppheðin miðuð við, að hún nægi til að endurnýja hvern stóðhest á sem næst 10 ára fresti. Þykir það hæfilegt, þar sem gert er ráð fyrir að kaupa aðeins tamda og reynda hesta.